

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Akureyri, 9. maí 2019
Tilvísun: 1904136 / 00.08.00

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frv. til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða. Þingskjal 1238 - 778. mál.

Vísað er í erindi nefndasviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 12. apríl. sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða. Þingskjal 1238 - 778. mál.

Meginefni frumvarpsins felur í sér að sameina málefni þjóðgarðanna í eina stofnun í stað þriggja áður.

Ferðamálastofa telur það til hagsbóta að færa málefni þjóðgarðanna þriggja undir eina stofnun. Þjóðgarðarnir skipta miklu máli varðandi vöxt og viðgang ferðaþjónustu á Íslandi þar sem þeir eru afar eftirsóttir áfangastaðir ferðamanna og þjóna mikilvægu hlutverki í að fá ferðamenn til að ferðast sem víðast um landið og njóta einstakrar náttúru.

Áfangastaðaáætlanir hafa verið unnar fyrir hvert og eitt landssvæði. Í þeim er tekið tillit til þarfa íbúa, gesta, atvinnulífs og umhverfis. Í áfangastaðaáætlunum er sérstaklega horft til væntinga og óska heimamanna. Mikilvægt er að ekki sé dregið úr þessari valdeflingu heima í héraði með stofnun Þjóðgarðsstofnunar. Vegna umfangs og stærðar þjóðgarðanna eru þeir mikilvægir í áfangastaðaáætlunum, en margar af helstu náttúruperlum landsins sem ferðamenn koma til að skoða eru innan þjóðgarða og þeir eru einnig starfsvettvangur fjölmargra ferðaþjónustufyrirtækja. Vinnu við stefnumótun þjóðgarðanna og áframhaldandi vinnu við áfangastaðaáætlanir þarf að vinna samhliða eins og kostur er. Með þessum hætti er stutt við sjálfbæra ferðaþjónustu innan þjóðgarða á sama tíma og áhersla er á náttúruvernd.

Athugasemdir við einstaka greinar.

12. og 16.-18. gr. fulltrúi ferðamálasamtaka

Ferðamálastofa gerir athugasemdir við 12. og 16.-18. gr. frumvarpsins og bendir á að erfitt kunnist vera fyrir ferðamálasamtök að tilnefna sameiginlega fulltrúa í umdæmisráð eða sem áheyrnarfulltrúa í stjórnir þjóðgarðanna. Ástæðan er sú að ekki er vitað með vissu hver þau ferðamálasamtök eru eða hvar þau eru staðsett. Ferðamálasamtök eru oft sjálfsprottin félagasamtök og eiga það til að vera mis starfsöm þar sem þau eru oft háð áhuga þeirra sem í forsvari eru hverju sinni. Ferðamálasamtök eiga sér ekki sameiginlegan vettvang svo erfitt er að sjá hvernig hægt verði að tilnefna

fulltrúa svo sátt verði um og til hvers á að leita varðandi tilnefningar. Markaðsstofur landshlutanna hafa að vissu leyti tekið við verkefnum ferðamálasamtaka. Nú er vinna í gangi á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga að efla stoðkerfi ferðapjónustunnar um land allt með stofnun áfangastaðastofa að erlendri fyrirmynd á grunni markaðsstofa og annarra stoðstofnana heima í héraði. Ferðamálastofa vonast til að þessi vinna gangi hratt og vel fyrir sig og að innan skamms verði áfangastaðastofur um land allt sem hafa á sinni könnu þróun svæðanna, vinnu við áfangastaðaáætlanir, rannsóknir, gagnaöflun, nýsköpun og vörubrún.

31. gr. Öryggi gesta

Ferðamálastofa leggur mikla áherslu á öryggi ferðamanna. Um síðustu áramót var lögð skylda á alla sem framkvæma skipulagðar ferðir á Íslandi að hafa öryggisáætlun, sem felur í sér áhættumat, verklagsreglur, viðbragðsáætlun og atvikaskýrslu. Á þetta við framkvæmdaraðila ferða hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir.

Ferðamálastofa leggur til að í stjórnunar- og verndaráætlunum verði gerð krafa um að þjódgarðarnir geri öryggisáætlun, hver fyrir sitt svæði eða a.m.k. hvaða kröfur séu gerðar til ferðapjónustuaðila hvað öryggi ferðamanna varðar. Það mun auðvelda ferðapjónustuaðilum gerð öryggisáætlana fyrir sína starfsemi þar sem kröfur þjódgarðanna eru kunnar.

32. gr. Atvinnustefna og samningar við þjónustuaðila

Ferðamálastofa telur jákvætt að settur sé rammi um atvinnustarfsemi innan þjódgarða með samningum og úthlutunum á aðstöðu. Mikilvægt er að gæða-, öryggis- og umhverfismál séu til fyrirmyndar hjá þeim fyrirtækjum sem starfa innan þjódgarða. Ferðamálastofa leggur til að horft verði til Vakans, gæða- og umhverfiskerfis íslenskrar ferðapjónustu þegar atvinnustefna fyrir Þjódgarðsstofnun verður mótuð og leggur til að öllum fyrirtækjum sem starfa innan þjódgarðanna verði gert skylt að uppfylla gæða-, öryggis- og umhverfiskröfur Vakans til þess að tryggja að svo sé.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu


Skarphéðinn Berg Steinarsson
Ferðamálastjóri

